Three areas demonstrate the intense broad positive and negative magnetic responses due to near-surface igneous bedrock; two of these, immediately outside the churchyard anomaly, coincide with positions where outcropping rock was noted. The third geological anomaly has been detected at the north-west end of the booth remains, in an area where no such outcrops were visible. This indicates that the

bedrock is particularly shallow at this position, maybe less than 0.5m below the present ground surface.

The small-scale “speckled” noise over much of the site is due to periglacial features such as thufur which cover the surface of much of the site, although the area of the booths are generally free of them. Each frost hummock has altered the soil conditions such that it produces its own discrete magnetic anomaly. Unfortunately the noise created by a great number of thufur across the surface may reduce the ability of this technique to detect more subtle anomalies of archaeological origin, and might prevent the identification of features buried below them.

Other surface deformations have also been detected, for example the parallel ruts cut into the surface by the passage of horses over time, and the soil erosion front along the eastern edge of the survey area.

Earth resistance survey

A smaller area was surveyed using the earth resistance meter, including the probable church and a few of the booth remains. The results are presented in Figure 2, along with the results of the gradiometer survey over the same area for comparison.

The remains of the churchyard show up very clearly in the resistance data, with the turf wall having been detected as a low resistance anomaly on account of the higher water content and better electrical conductivity. Narrow bands of high resistance within this correspond to the positive magnetic anomalies and back up the interpretation of the use of stone in the construction of the bank.

As the gradiometer survey, the two cells of the church structure have been detected differently. The walls of the main body of the church are generally unclear, with a slight low resistance anomaly indicating the south (turf) wall of the building. The eastern end of the church appears as clear high resistance anomalies, consistent with the interpretation that it is constructed of stone rather than turf. With no standing remains surviving these results may indicate that only the foundations are constructed of stone, rather than the entire wall, yet there is a clear distinction in construction between the two parts of the building.

The resistance data is slightly confused in the area of the church due to anomalies caused by thufur, again producing a speckled effect in the data. The surface outside the churchyard is covered with thufur and the same small-scale noise can be seen in this area of the resistance survey.

The broader areas of high resistance are caused by the near-surface bedrock.

Over the area of the booths the earthwork banks have been detected as low resistance anomalies, again apparently caused by the higher water content of the turf and soil used in their construction. Comparison with the gradiometer survey shows good correlation but reveals that the booth walls are not as well defined, and that the whole area is still confused by the deep deposits of many phases of booths. The southernmost booth in the resistance survey contains a high resistance anomaly in the internal space that could either be due to the fact that this lower floor is closer to the bedrock, or may indicate the presence of a packed stone floor.

Conclusion

The results of both surveys demonstrate the effectiveness of these techniques for the detection and characterisation of the turf structures at Gásir, despite the effects produced by near-surface geology and thufur. The complimentary nature of the two methods indicates that used in combination they have the potential to provide information not otherwise discernable from the surface remains.

Comparison of the gradiometer survey with the topographical survey interpretation reveals an excellent correlation with the archaeological remains. Indeed, a number of these features are more clearly defined through geophysical survey, in particular the row of booths running north-south down the eastern side of the site.

In addition, it is possible to extract information regarding the different construction techniques of the remains. Both methods have clearly detected the features of the church and churchyard, where the results indicate the use of turf and stone in the structures. This contrasts with the booth remains which appear to be constructed almost entirely of turf.

Acknowledgements

The work was conducted by T.J. Horsley as part of a NERC-funded doctoral research project with the Department of Archaeological Sciences, University of Bradford, in collaboration with Fornleifastofnun Íslands. The author is grateful to both NABO and the FSÍ for help towards costs of the resistance meter and fieldwork, and to Roger Walker of Geoscan Research who has kindly loaned the data processing software for the project.

References

- Bruun, D. & Jónsson, F. (1908). Det gamle Handelssted Gásar. Videnskabelnes Selskabs Forhandling No.3. Kobenhavn.
- Bruun, D. (1928). Fortisminder og nutidshjem paa Island. Kobenhavn.
- Hermannsdóttir, M. (1987). Fornleifarannsóknir að Gásum og viðar í Eyjafirði ári
- Horsley, T.J. (1999). A preliminary assessment of the use of routine geophysical techniques for the location, characterisation and interpretation of buried archaeology in Iceland. Unpublished MSc Dissertation, University of Bradford.
- Horsley, T.J. & Dockrill, S.J. (forthcoming). A preliminary assessment of the use of routine geophysical techniques for the location, characterisation and interpretation of buried archaeology in Iceland. *Archaeologica Islandica* 2.
- Jóhannesson, H. & Sæmundsson, K. (1998). Geological Map of Iceland. 1:500,000. Bedrock Geology. Icelandic Institute of Natural History/Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík.
- Jónsson, F. (1908). Hinn forni kaupstaðir "at Gásum". Árbok 1908.




Figure 1: Fluxgate gradiometer survey results, July 2001.





Figure 2: Comparison between earth resistance results (top) and fluxgate gradiometer results (bottom), July 2001.

Appendix 2

Proposed Stratigraphic Matrix

Prh.4/E



Appendix 4

Fornleifarannsókn á Gásum í Eyjafirði Gjóskulagagreining

Magnús Á. Sigurgeirsson, Fjallalind 123, 201 Kópavogur, netfang: masig@mmedia.is

Heildarrannsókn hefur ekki farið fram á gjóskulögum í Eyjafirði enn sem komið er. Einstök gjóskulög hafa þó verið rakin um Eyjafjörð og nágrenni, s.s. gjóskulög frá Heklu (Sigurður Þórarinnsson 1968) og Landnámslagið (Guðrún Larsen 1984). Við vinnslu þessarar greinargerðar var auk þessara heimilda stuðst við athuganir á gjóskulögum í innanverðum Eyjafjarðardal (Magnús Á. Sigurgeirsson 1993, Bjarni F. Einarsson 1995) og við Mývatn (Árni Einarsson o.fl. 1988, Magnús Á. Sigurgeirsson 1998).

Gjóskulög við Gásir

1. Gjóskulag sem nefnt er “a”-lagið, sennilega frá árinu 1477, og fundist hefur um allan norðausturhluta landsins (Sigurður Þórarinnsson 1958). Samkvæmt útbreiðslukorti er þykkt þessa lags 0,5-1 cm við Gása (Sigurður Þórarinnsson 1977, Jón Benjamínsson 1982). Í innanverðum Eyjafjarðardal er lagið um 1 cm þykkt (Magnús Á. Sigurgeirsson 1993). Uptök lagsins eru í Veðivatnakerfinu.
2. Grátt (stálgrátt) gjóskulag sem mjög áberandi er í jarðvegi í innanverðum Eyjafjarðardal (Magnús Á. Sigurgeirsson 1993). Greinilegur litamunur er sjáanlegur á þessu lagi og “a”-laginu. Þar sem þau eru saman í sniði, er “a”-lagið mun dekkra. Útbreiðsla lagsins hefur ekki verið könnuð og gosár er ekki þekkt með vissu. Afstaða lagsins til gjóskulaganna K-1262 og “a”-lagsins bendir til að það sé frá fyrri hluta 14. aldar. Útreikningur á aldri lagsins með tilliti til jarðvegsþykkunar bendir til að það sé frá því um 1320. Efnagreiningar benda til upptaka í Vatnajökli, sennilega Grímsvötnum. Mögulegt er að þetta lag hafi myndast í fyrsta Grímsvatnagosi sem nefnt er í rituðum heimildum árið 1332 (Sigurður Þórarinnsson 1974). Lagið hefur ekki fundist við Mývatn (Magnús Á. Sigurgeirsson 1998) og heldur ekki vestan Eyjafjarðar sem bendir til að útbreiðsla þess á Norðurlandi sé fremur lítil og vel afmörkuð. Að svo stöddu, meðan aldur lagsins er ekki betur þekktur, verður það nefnt G~1320.
3. H-1300. Nákvæmt útbreiðslukorti er ekki til fyrir H-1300 en samkvæmt rituðum heimildum varð umtalsvert gjóskufall í þessu gosi um Eyjafjörð (Sigurður Þórarinnsson 1968). Vottur af laginu fannst í innanverðum Eyjafjarðardal, við bæinn Tjarnir (Magnús Á. Sigurgeirsson 1993).
4. H-1104 (H1). Fannst ekki með vissu á uppgraftarsvæðinu á Gásum. Mögulega er þó um slitur af því að ræða á nokkrum stöðum. Samkvæmt útbreiðslukorti er það < 0,5 cm þykkt við utanverðan Eyjafjörð (Sigurður Þórarinnsson 1968). Við Mývatn er það um 1 mm þykkt og slitrótt (Árni Einarsson o.fl. 1988, Magnús Á. Sigurgeirsson 1998).
5. Landnámslagið eða önnur þg af líkum aldri voru lítið áberandi á uppgraftarsvæðinu. Þykkt þess við Gása er < 0,5 cm samkvæmt mælingum (Guðrún Larsen 1984).

Aldur m annvirkja í ljósi gjóskulaga

Í sniði 1 koma skýrt fram torflög, sem eru bæði eldri og yngri en gjóskulagið G~1320. Ekki er hægt að segja til um hversu gömul elstu mannvistarlög þar eru en ekki hafði verið grafið niður úr þeim þegar þessi athugun var gerð. Torfuhnaus með svörtu gjóskulagi, sem sennilega er H-

1300, sást neðan við G~1320 (sjá sniðteikningu). Sé gengið út frá því að um sé að ræða H-1300 má ljóst vera að torf hefur verið stungið eftir árið 1300 og áður en gjóskulagið G~1320 fellur. Í austurenda uppgraftarsvæðisins kom í ljós að G~1320 liggur um 15-20 cm undir grjótlögninni (stéttinni ?) sem þar er (snið 2). Hún er því frá 14. öld eða síðar. Í torflagi yfir stéttinni eru torfhnausar með bæði G~1320 og a-laginu frá 1477, sem bendir til framkvæmda um eða eftir 1500. Það að einungis gjóskulagið G~1320 skuli vera varðveitt á milli mannvistarlaga bendir sterkt til að um það leiti, nokkru fyrir og eftir gjóskufallið, hafi lítið verið um framkvæmdir á staðnum, að minnsta kosti við búðirnar sem nú voru kannaðar. Athugun á prufuholu nr. 3 sem grafin var af Margréti Hermannsdóttur (1987) staðfestir það sem fram kemur í sniði 1, þ.e. að í búðaveggjunum sé torf bæði neðan og ofan gjóskulagsins G~1320 (snið 3). Ekki komu fram skýrar vísbendingar um aldur elstu mannvistaleifa á Gásum. Telja verður líklegt að ýtarlegri upplýsingar um aldur mannvirkja á Gáseyri komi fram samhliða frekari uppgrefti.

Heimildir

- Árni Einarsson, Hafliði Hafliðason og Hlynur Óskarsson 1988: Mývatn : Saga lífríkis og gjóskutímatal í Syðriflóa, Náttúruverndarráð, fjölrit 17.
- Bjarni F. Einarsson 1995: The settlement of Iceland; a critical approach. Granastaðir and the ecological heritage. Hið Íslenska bókmenntafélag, 206 bls.
- Guðrún Larsen 1984: Recent volcanic history of the Veidivötn fissure swarm, Southern Iceland – an approach to volcanic risk assessment. J Volcanol. Geotherm. Res. 22, bls. 33-58.
- Jón Benjamínsson 1982: Gjóskulagið “a”. Í: Eldur er í norðri. Afmælisrit tileinkað Sigurði Þórarinssyni sjötugum. Sögufélagið, Reykjavík, bls. 51-65.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 1993: Gjóskulög í innanverðum Eyjafjarðardal. Jarðfræðafélag Íslands, Vorráðstefna, dagskrá og ágríp, bls. 41-42.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 1998: Gjóskulagarannsóknir á Hofstöðum 1992-1997. Archaeologia Islandica 1, bls. 110-118.
- Margrét Hermannsdóttir 1987: fornleifarannsóknir að Gásum og víðar í Eyjafirði árið 1986. Súllur 14. árg. (27. hefti), bls. 3-39.
- Sigurður Þórarinnsson 1958: The Öræfajökull eruption of 1362. Acta Naturalia Islandica (II) 2, 99 bls.
- Sigurður Þórarinnsson 1968: Heklueldar, Sögufélagið, Reykjavík, 185 bls.
- Sigurður Þórarinnsson 1974: Vötnin stríð. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík, 254 bls.
- Sigurður Þórarinnsson 1977: Gjóskulög og gamlar rústir. Árbók Hins Íslenska Fornleifafélags, bls. 5-38.

Gásir í Eyjafirði

Snið mæld 19/7 2001

1


Snið í vesturenda svæðis "A", í norðurenda rústar

2

Snið í SA-horni svæðis "A", sunnan við grjótlögn

3

Prufuhola-3/D frá 1986 endurgrafin



Mynd 1

Appendix 6

The Finds

Natascha Mehler (Fornleifastofnun Íslands)

The excavations at the medieval trading site Gásir undertaken in July of 2001 recovered 22 finds in total. All but one were found in the covering top soil, in the backfill of Daniel Bruun's excavations at the beginning of the 20th century or are loose finds. The artefacts can be divided into three material groups: most of them are made of metal, mostly iron, few others of copper alloy. The second group consists of stone artefacts like whetstones of schist. Ceramic forms the last material group. The excavated fragments are the only datable finds from this year's investigation. All finds were cleaned, dried and registered in the excavation database. Metal objects are packed with silica gel in order to prevent humid storage. Further conservation is not requested.

Metal objects

Eleven metal objects were found: nine are made of iron, two of copper alloy. None of them is typologically datable. Three corroded iron nails of different size were found in Area A and are recorded as GÁS 01-004. The largest nail, most likely modern, is 9.5 cm long, has a hook-like bent end and a head with a diameter of 4.4cm. Another nail is 4.5 cm long, the last one is 3.3 cm long and double headed. None of those nails is datable, although the double headed nail appears to be medieval. Four corroded iron objects are listed as GÁS 01-005: one rather small complete nail, 1.7 cm long; three other objects of unknown purpose. Two modern loose finds of corroded iron are given the number GÁS 01-013. The larger object is rather flat and rectangular in shape and could be part of a metal fitting or attachment. The smaller fragment is of unknown purpose. Two copper alloy fragments (GÁS 01-006) were found in the backfill, flat sheets of unknown purpose.

Stone objects

Five objects of stone were found in total. GÁS 01-002 is an unworked piece of unknown stone type. The other pieces are of non Icelandic origin. Three fragments belong to whetstones: GÁS 01-001, GÁS 01-003 and GÁS 01-012. GÁS 01-003 (context 100, Area A) is the small fragment of a whetstone edge made of light gray and rather porous schist. The tool seems to have been rather small and lenticular in cross-section. GÁS 01-001 (context 100) and GÁS 01-012 (loose find) are of similar but more coarse stone types - gray schist - the latter of finer quality. GÁS 01-001 is damaged on all but one side. GÁS 01-012 is better preserved: the form tapers towards one end, and is square shaped in cross-section. On both ends are two grooves. GÁS 01-011 is the fragment of a soapstone object and could be part of a vessel. Only one surface is preserved which bears clear signs of working. This object was found while cleaning the section of trench 4/E and is unstratified. None of the stone objects is typologically datable, although the soapstone fragment most likely has a medieval date.

Ceramic

Three pieces of ceramic were found, all in context 101 (Area A), (see Fig.1). The sherds belong to three different vessels of stoneware, all made in the German Rhine-area around the city of Cologne in the late 14th or 15th century. Their fabric is similar but not the same. GÁS 01-008 is the body sherd of a rather small jug, most likely the fragment of the vessel's shoulder or neck. The fabric is gray and fine, the outer surface bears patches of a greenish-brownish salt glaze containing ash (so-called "Ascheanflugglasur"). The inside is brownish to

purple due to either self-slip (so-called “Eigenengobe”) or metal-slip. The jug was without doubt produced in the Rhine area. The place of origin can not be more closely identified, although the fabric resembles early Siegburg stoneware. GÁS 01-009 is a rather small body sherd most likely of a jug or jar. The fabric is dark gray, the outer surface evenly covered with purple to brownish iron-containing glaze. The inner surface is covered with a very similar slip to GÁS 01-008. The vessel has most likely been made in a kiln of Langerwehe. GÁS 01-010 is the rim sherd of another Rhenish stoneware vessel, possibly a beaker or a small jug. The rim diameter is 4.5 cm, the fabric beige to gray in colour. The outer and inner surfaces are evenly covered with a light brown slip under small patches of brownish speckled salt glaze. The exact location of origin is unknown.



Fig. 1: Rhenish stoneware found at Gásir: GÁS 01-008 (bottom left), GÁS 01-009 (bottom right) and GÁS 01-010 (top).

Unknown objects

Three objects found at Gásir remain unidentified (GÁS 01-007 and GÁS 01-014). They are most likely of mineralogical material, but it is unclear whether these fragments are samples of a basalt-like porous stone type or small pieces of slag.

Finds from previous excavations at Gásir

In 1986 Dr. Margrét Hermanns-Auðardóttir opened two trenches (3/D and 4/E) where she found three pieces of medieval pottery and an object of copper alloy. The pottery was published shortly afterwards, without their origin or type being identified⁶. In a later analysis of these sherds carried out by Dr. Guðrun Sveinbjarnardóttir two of the pieces were identified as Rhenish stoneware of Langerwehe type, the third fragment as English earthenware of Grimston type⁷. The latter has recently been suggested to be earthenware of east English type rather than Grimston ware⁸ but nevertheless, all six pottery fragments found at Gásir so far can be dated to the 14th or 15th century. The copper alloy object found in 1986 (see Appendix 6) was originally identified as a late Viking age weight most likely originating in eastern Sweden and made in the 10th or 11th century.⁹ A re-evaluation of this artefact has given new results: the small weight of 4.29 g dates to the 12th or 13th century with closest comparative material in Telemark, eastern Norway. The weight is of droplike shape and has a rounded knob at the upper side with a surrounding metal wire. The bottom bears deep cross cut marks. The weight's metal composition is unclear at present state. It seems to be made of lead or iron with a surrounding copper alloy covering. A metal analysis of this artefact is therefore suggested.

Discussion and conclusion

The artefacts recovered at Gásir are of high importance for our understanding of Iceland's medieval material culture. Six sherds of medieval pottery found in a rather small excavation area is an unusually high number, since medieval pottery is very rarely found in Iceland. This is no doubt explained by the fact that Gásir was a trading site where stoneware and earthenware vessels from the Rhine area and eastern England were traded, as well as steatite vessels and whetstones. It has previously been suggested that most of the medieval ceramics found in Iceland came via Norwegian trading centres like Bergen, where Langerwehe stoneware and earthenware of east English origin were found in large quantities. In 1262 Iceland became part of the Norwegian crown and by the early 14th century direct trade from Northern Europe to Iceland was prohibited. Items could only be traded via Hanseatic merchants in Bergen.¹⁰ By the early 15th century English merchants had established direct trade-links with Iceland, followed by Germans trading directly with Iceland from the late 15th century onwards. The small metal weight, the steatite and schist artefacts could also represent links with Norway and a petrological analysis of both stone types is therefore suggested. All datable artefacts found at Gásir are high or late medieval. No object datable to the Viking period has been found thus far.

⁶ Margrét Hermannsdóttir 1987, 20 and 26 ff.

⁷ Guðrun Sveinbjarnardóttir 1996, 93, 96, 99 and 161.

⁸ Mehler 2000, 75.

⁹ Margrét Hermannsdóttir 1999, 23.

¹⁰ Mehler 2000, 127.

List of Finds

Nr	C	General	Material	Description	Date
001	100	Whetstone	Stone	Whetstone, 1 fragment, 23 g	Medieval?
002	100	Object	Stone	Stone of unknown type, 1 piece, 13 g	
003	100	Whetstone	Stone	Whetstone, schist, 1 fragment, 3 g	Medieval?
004	100	Nails	Metal	Iron, 3 complete nails of various size, 108 g	
005	101	Objects	Metal	Iron, 4 objects (one complete nail), 26 g	
006	101	Objects	Metal	Copper alloy sheets, 2 fragments, 5 g	
007	101	Objects	Unknown	Slag or stone, 2 fragments, 12 g	
008	101	Pottery	Ceramic	Body sherd, rhenish stoneware, 6 g	14/15 th cent.
009	101	Pottery	Ceramic	Body sherd, rhenish stoneware, 3 g, Langerwehe type?	14/15 th cent.
010	101	Pottery	Ceramic	Rim sherd, rhenish stoneware, 4 g	14/15 th cent.
011	LF	Vessel?	Stone	Steatite, worked, 1 fragment, 11 g	Medieval?
012	LF	Whetstone	Stone	Whetstone, 1 fragment, 25 g	Medieval?
013	LF	Objects	Metal	Iron, 2 fragments, 36 g	
014	LF	Object	Unknown	Slag or basalt, 1 fragment, 5 g	

References

Guðrun Sveinbjarnardóttir

1996 Leirker á Íslandi – Pottery found in excavations in Iceland. Rit Hins íslenska fornleifafélags og Þjóðminjasafns Íslands 3. Reykjavík.

Margét Hermannsdóttir

1987 Fornleifarannsóknir að Gásam og víðar í Eyjafirði árið 1986. In: Sútur XIV/27, 3-39. Akureyri.

Margét Hermanns-Auðardóttir

1999 Arkeologiska undersökningar av handels-platsen vid Gásir. In: Christophersen and Dybdahl (red.) GÁSIR – en internasjonal handelsplass i Nord-Atlanteren, Skrifter No.9, Senter for middelalderstudier, Trondheim.

Mehler, Natascha

2000 Die mittelalterliche Keramik Islands. Band I Text. Unpublished Magister-thesis submitted at the Otto-Friedrich-Universität Bamberg.

Appendix 6

Das Gewicht aus Gásir

Prof. Dr. Heiko Steuer

Institut für Ur-und Frühgeschichte und Archäologie des Mittelalters
Belfortstraße 22; D-79085 Freiburg

Das kleine Gewicht von Gásir (4,29 g) ist in der Seitenansicht tropfen-,birnen- oder auch glockenförmig mit profiliertem Kopf (Bakka 1980, 156) und zeigt an der Unterseite eine kräftige kreuzförmige Einkerbung. Damit verkörpert das Stück zwei Traditionen im skandinavischen Gewichtswesen.

a) Einerseits gab es anscheinend in Städten Sätze aus birnenförmigen Gewichten, die zumeist jedoch vollständig aus Bronze sind und eigentlich keine Drahtumwicklung (zum Trieren?) aufweisen.

b) Andererseits wurden in der späten Wikingerzeit Kugelzonen-Gewichte (aus Eisen mit einem Bronzemantel oder vollständig aus Bronze) mit Kreuzkerben versehen, oft nachträglich, aber manchmal direkt bei der Herstellung. Der Zweck der Kerben ist nicht eindeutig geklärt; es könnte auf eine nicht hoheitlich autorisierte Gewichteproduktion hinweisen.

Zu (a): Birnenförmige Gewichte sind veröffentlicht bei A. W. Brøgger, *Ertog og øre* (1921), S. 86 Fig. 45 (Akerhaugen i Sauda mit Parallelen). Dieser Gewichtssatz von Akerhaugen ist neu veröffentlicht: E. Bakka, Ein mittelalterlicher Gewichtssatz von Akerhaugen in Sauderad, Telemark, Ostnorwegen. *Offa* 37, 1980, 154-168. Abb. 1 bringt die Waage des Fundes (von meinem Typ 7 "spät") und den Gewichtssatz, darunter zwei birnenförmige Gewichte. Der Fund gehört ins 12./13. Jahrhundert. Die glockenförmigen Gewichte wiegen 12,85 g und 6,70 g. Bakka diskutiert das aus dem Gesamtsatz zu errechnende Öregewicht. Die weiteren Fundorte solcher Gewichte sind Holte, Eidfjord, Hardanger (B 6999) (Gewicht 12,695 / 12,7 g), Bergen (B 6601) (Gewicht 99,585 g) und Oslo (C 16811) (Gewicht 107,03 g). Sie gehören alle - so Bakka - in den Zusammenhang der hochmittelalterlichen Städte.

Zu (b): Die mir seinerzeit bekannten Gewichte mit Kreuzkerben habe ich veröffentlicht: *Gekerbte Gewichte der späten Wikingerzeit. Fornvånen* 82, 1987, 66-74. Außerdem in: H. Steuer, *Waagen und Gewichte aus dem mittelalterlichen Schleswig. Funde des 11. bis 13. Jahrhunderts aus Europa als Quellen zur Handels- und Währungsgeschichte. Beiheft 10 zur "Zeitschrift für Archäologie des Mittelalters"* (Köln Bonn 1997) 312-315. Ich zitiere S. 313: "Kerben wurden an Gewichten der Typen des 10., häufiger des 11. und vor allem an den Typen des 11./12. Jahrhunderts angebracht." Kerben kommen also an verschieden alten Gewichten vor, sind aber nach der statistischen Verteilung und den datierten Fundkomplexen auch im 12./13. Jahrhundert häufiger möglich.

Das Gewicht von Gásir gehört mit seiner Glockenform in einen späten Zusammenhang des 12., wenn nicht 13. Jahrhunderts, was der Zweitstellung der Waage von Akerhaugen entspricht. In jener Zeit wurden Gewichte mit Kreuzkerben versehen. Die Gewichtsgröße aus Gásir mit 4,29 g ist für die Einheiten der Wikingerzeit eigentlich zu hoch; man müßte das

Stück ohne Draht wiegen. Die von mir aufgelisteten Kugelzonen-Gewichte sind alle schwerer; aber da es auch Kugelzone-Gewichte von 4,25 g oder 4,0 g gibt, ist das nur eine Frage der Zeit, bis auch ein leichteres gefunden wird. Die anderen mir bekannten glockenförmigen Gewichte - ausschließlich aus Norwegen - haben keine Kreuzkerben. Kreuzkerben kommen auch an den Kugelzonen-Gewichten in Norwegen bisher nicht vor. Der Draht ist, wie oben gesagt, sicherlich zum Austarieren angebracht worden.



Abb. 1: Das Gewicht aus Gásir.

Appendix 7

Fornleifarannsóknir á Gásum 2002-2006

– Tillaga að rannsóknaráætlun

Orri Vésteinsson

Gásir við Eyjafjörð eru einstakur staður. Ekki eru varðveittar jafnmiklar mannvistarleifar á neinum öðrum verslunarstað frá miðöldum á Íslandi. Af þessum sökum er mikill ábyrgðarhluti að gera fornleifarannsókn á Gásum og ekki verjandi að hefja þar framkvæmdir nema fyrir liggja skýr rannsóknarmarkmið, nýjustu og bestu tækni verði beitt og fjármagn sé tryggt til að ljúka verkinu á viðunandi hátt.

Í þessari greinargerð er fjallað er um forsendur rannsókna, markmið þeirra og aðferðafræði, og sett fram tillaga að rannsóknaráætlun fyrir árin 2002 til 2006.

Forsendur

Gásir við Hörgárósa voru helsti verslunarstaður á Norðurlandi á miðöldum og er víða getið í fornritum frá 13. og 14. öld. Gása er síðast getið 1391 og virðist verslun þar hafa lagst af skömmu síðar eða a.m.k. á 15. öld. Elstu lýsingar á rústum á Gásum eru frá seinni hluta 18. aldar og þegar á 19. öld var mönnum orðið ljóst að Gásir væru einn umfangsmesti og merkilegasti minjastaður á Íslandi. Árið 1907 grófu Daniel Bruun og Finnur Jónsson 16 prufuholur á Gásum auk þess sem þeir grófu út fjórar samtengdar búðatóftir. Niðurstaðan af þeirri rannsókn var að skýr merki væru um að búðirnar höfðu verið í notkun um langa hríð. Veggir voru eingöngu úr torfi og engar stoðarholur fundust og töldu þeir að það benti til að aðeins hefði verið tjaldað yfir búðirnar. Ekkert kom í ljós sem þeim fannst benda til fastrar búsetu og engir gripir fundust sem varpað gæti ljósi á tímamörk Gásakaupstaðar. Rannsókn við kirkjutóft töldu þeir sýna að kirkjan hefði eingöngu verið byggð úr tré. Árið 1986 gerðu Bjarni F. Einarsson og Margrét Hermanns-Auðardóttir könnun á Gásum og grófu þar 4 prufuholur, þar af eina í kirkjutóftina. Niðurstöður þeirra voru sambærilegar við fyrri rannsókn. Þau töldu þó að elsta gerð búða á Gásum væru niðurgrafnar tóftir en að seinna hefðu verið byggðir upp veggir í búðunum. Einnig fundu þau talsvert af gripum, þar á meðal hluti gerða úr lífrænum efnum, en það er vísbending um góð varðveisluskilyrði í jarðvegi á Gáseyri. Við kirkjuna töldu þau sig finna torfvegg, í andstöðu við niðurstöðu þeirra Finns og Bruuns um gerð kirkjunnar.¹

¹ Adolf Friðriksson, Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson (1995): Fornleifar og ferðamál í Eyjafirði:

Forkönnun sem gerð var árið 2001 fólst í yfirborðsmælingu, fjarkönnun og uppgrefti úr eldri könnunarholum. Helstu niðurstöður voru þessar:

- Mannvirkjaleifar er ekki að finna utan þess svæðis þar sem þær eru sýnilegar á yfirborði.
- Mannvirkjaleifar þær sem sjást á yfirborði eru að öllum líkindum ekki uppbyggðar búðir úr torfi og grjóti heldur uppmokstur að tjaldbotnum og gefa yfirborðsleifar því hugsanlega aðeins mynd af síðasta stigi athafna á staðnum.
- Mannvistarlögin eru flest afar þunn og gríðarlega mörg en það þýðir að skipulegur uppgröftur verður mjög seinlegur og flókinn.
- Upphleðsla mannvistarleifa á 14. öld og síðar hefur sennilega verið mest austast á svæðinu, næst sjónum.
- Ástæða er til að ætla að sjávarstaða við Gáseyri hafi breyst á meðan verslunarstaðurinn var í notkun og færst út m.a. vegna upphleðslu úrgangs- og mannvistarlaga.
- Veruleg upphleðsla mannvistarlaga hefur átt sér stað eftir um 1320, allmörg leirker hafa fundist sem tímasett eru til loka 14. aldar og 15. öld, og torfhnausar hafa verið stungnir á staðnum eftir 1477. Allt þetta bendir til að Gásir hafi verið í notkun sem verslunarstaður lengur enn hingað til hefur verið talið, þ.e. fram á 15. og jafnvel 16. öld. Mögulegt er að athafnasvæðið á 15. og 16. öld hafi verið mun minna en áður var og afmarkað við 5 búðir austast á verslunarstaðnum, þ.e. þær búðir sem grafnar voru upp 1907 og að hluta 2001.
- Sjór stendur uppi í dýpstu könnunarholum næst fjörunni og eru því líkur á að elstu lögin þar séu vatnsósa. Það gæti þýtt að þar séu skilyrði til varðveislu lífrænna leifa, s.s. timburs. Það gerir uppgröft á Gásum meira spennandi en jafnframt flóknari og dýrari í framkvæmd.
- Ekki er torfveggur um kirkjuna eins og fyrri rannsakendur töldu og er hún því ein örfárra þekktra trékirna á Íslandi. Enn hafa ekki komið í ljós grafir í kirkjugarðinum.
- Talsvert fannst af gripum við uppgröftinn, þar á meðal miðaldaleirker, sem gefa góða von um hægt verði að byggja á gripum um tímasetningar og eðli umsvifa á staðnum.

Við þetta má bæta þremur almennum athugunum :

- Sjór hefur brotið af búðatóftum syðst á svæðinu fyrir 20. öld. Ekki er þar neitt landbrot nú.
- Tóftir sem ekki er vitað hvort eða hvernig tengjast verslunarstaðnum er að finna bæði norðan

og sunnan við aðalrústasvæðið.

- Hugsanlegt er að fornleifar leynist undir yfirborði sjávar í lóninu austan við Gáseyri.

Rannsókn á Gásakaupstað mun eflaust varpa nýju ljósi á verslun við Norður-Atlantshaf á há-miðöldum og eru Gásir því mikilvægur minjastaður í alþjóðlegu samhengi. Hann ber því að skoða með hliðsjón af öðrum verslunarstöðum og bæjum frá sama tímabili sem þegar hafa verið rannsakaðir. Þar má nefna t.d. Björgvin, Þrándheim, Túnberg, Osló og Kaupang í Noregi – þar sem uppgröftur stendur yfr nú –, Heiðabæ og Slésvík á Jótlandi, Birka í Svíþjóð, Visby á Gotlandi, Novgorod í Rússlandi, Quentowic í Hollandi, Jórvík á Englandi og Dyflinni og Watford á Írlandi. Þá eru nú í bígerð rannsóknir á Herjólfssnesi á Grænlandi sem gæti reynist mjög áhugaverður staður til samanburðar. Á undanförunum áratugum hafa fornleifarannsóknir aukið skilning okkar á viðskiptum í norðanverðri Evrópu sem og hlutverki þessara staða og er brýnt að sú þekking verði nýtt og sett í samhengi við rannsóknir á Gásum.

Engar sagnfræðilegar rannsóknir hafa verið gerðar um Gása sjálfa, fyrir utan það sem menn hafa tínt saman úr ritheimildum í tilefni af áðurnefndum fornleifarannsóknum. Heimildum um utanferðir og skipakomur á Gásum hefur þó verið safnað á einn stað og eru því aðgengilegar til frekari greiningar.² Hitt er ljóst að Gásir gegna mikilvægu hlutverki í rannsóknum á verslunarsögu miðalda, bæði að því er varðar hagfræðileg og samfélagsleg atriði. Eitt af helstu álitamálum um íslenskt miðaldasamfélag er að hve miklu leyti utanríkisverslun skipti máli fyrir samfélagið í heild eða hvort fyrst og fremst var verslað með munaðarvöru. Einnig er óljóst hvort verslunarstaðir eins og Gásir voru fyrst og fremst til vegna utanríkisverslunar, eða hvort þar var einnig innanlandsmarkaður þar sem vöruskipti fóru fram og hvort þeir höfðu líka almennara hlutverk, sem móts- og jafnvel þingstaðir, tímabundnar miðstöðvar í sínum landshluta.

Ein tilgátan um það af hverju Gásakaupstaður hafi lagst af í lok 14. aldar byggir á því að Hörgárósar hafi breyst vegna stórfelldra skriðufalla í Hörgárdal árið 1390, svo að framburður safnaðist upp við ósa Hörgár og gerði höfnina við Gása ónothæfa.³ Þó að uppgröfturinn 2001 bendi til að verslað hafi verið á Gásum fram eftir 15. öld og jafnvel fram á þá 16. er þessi tilgáta enn markverð og ljóst er að rannsóknir á umhverfi Gása, bæði á jarðfræði og gróðurfari skipta miklu máli til að taka á álitaeftum sem þessum.

2 Bogi Th. Melsted (1907-15): 'Ferðir, siglingar og samgöngur milli Íslands og annara landa á dögum þjóðveldisins.' *Safn til sögu Íslands*4, 585-911.

3 Halldór Pétursson ATH

Ósar Hörgár eru friðland á náttúruverndarskrá en þar er stórt samfellt votlendi með fjölbreytilegu fuglalífi. Friðlandið hefur rannsóknargildi en það hefur líka aðdráttarafli fyrir náttúruunnendur. Það kallar á að lausnir verði fundnar á því hvernig náttúruskoðun – t.d. í samhengi við minjaskoðun á Gásum – fer saman við verndun friðlandsins.

Á undanförunum árum hefur ferðapjónusta eflst mjög á Íslandi og er langt síðan menn bentu á að Gásir gætu haft mikilvægu hlutverki að gegna sem ferðamannastaður. Staðurinn er nálægt alfaraleið og þjónustu á Akureyri, rústasvæðið er stórt og tilkomumikið og auðvelt að tengja það við meginatriði í miðaldasögu Íslands. Einnig er næsta nágrenni áhugavert til náttúruskoðunar og eykur það mjög á gildi staðarins.

Ljóst er að til þess að Gásir geti orðið fjölsóttur og spennandi viðkomustaður ferðamanna þarf ýmsar framkvæmdir og undirbúning. Þar má nefna:

- fornleifa-, umhverfis- og sagnfræðirannsóknir þarf til að afla þekkingar og auka skilning á staðnum og hlutverki hans í samfélagi miðalda.
- koma þarf upp aðstöðu til að taka á móti ferðamönnum, m.a. aðkeyrslu og bílastæði, salerni, göngustígum og upplýsingum um það sem fyrir augu ber á skiltum eða með öðrum hætti. Einnig þarf að kynna staðinn útá við til að laða að ferðamenn.
- leysa þarf hvernig koma má við náttúruskoðun í nágrenni Gása án þess að slík umferð raski viðkvæmu dýralífi og gróðurfari.

Þessi þrjú grundvallaratriði tengjast innbyrðis og nauðsynlegt er að rannsóknir, kynning og verndun falli saman í eðlilega heild.

M arkmið fornleifarannsóknna

Heildarmarkmið fornleifarannsóknna á Gásum er að afla þekkingar um Gása og auka skilning á staðnum sem verslunarstað og miðstöð í Eyjafirði á miðöldum. Það er einnig höfuðmarkmið og meginástæða þess að ráðist er í uppgröft nú, að uppgröfturinn verði fléttaður inn í kynningu á Gásum. Þar er átt við að gestir geti skoðað uppgröftinn á meðan hann stendur yfir, þannig að hann verði sjálfur aðdráttarafli fyrir

ferðamenn, en líka að þekking sú sem aflað verður verði jafnóðum gerð aðgengileg almenningi og gestum.

Helstu rannsóknarmarkmið

- að afmarka verslunarstaðinn og kanna samhengi hans við byggð í nágrenninu. Þó að stærsti hluti búðanna sé vel greinilegur eru nokkrar á jaðri svæðisins, flestar mjög ógreinilegar og líklegt að fleiri séu sem sjást alls ekki. Nauðsynlegt er því að finna ystu mörk mannvistarleifa á verslunarstaðnum. Einnig er mikilvægt að fá hugmynd um eðli byggðarinnar í kring á þeim tíma sem verslað var á Gásum.
- að tímasetja upphaf og endalok verslunar á Gásum. Af ritheimildum að dæma var verslað á Gásum frá 10. öld til loka 14. aldar og fornleifarannsóknir benda til að verslað hafi verið lengur, e.t.v. fram á 16. öld, en mikilvægt er að fá betri hugmynd um hvar nákvæmlega tímamörkin eru. Af hverju varð þessi staður fyrir valinu í byrjun og hversvegna lagðist hann af?
- að kortleggja þróun verslunarstaðarins frá upphafi til enda. Ljóst er að búðirnar á Gásum hafa verið endurbyggðar margoft og líklegt er að verslunarstaðurinn hafi tekið breytingum í tímans rás. Kortleggja þarf hvar elstu búðirnar eru, hversu hratt verslunarstaðurinn byggðist upp og stækkaði, hvort tímabundnar sveiflur hafi verið í búðabyggingum á ákveðnum svæðum eða tímabilum o.s.fr.v.
- að sýna fram á hvernig búðirnar voru byggðar, hvort þar voru jarðhús eða ekki og hvort aðeins var tjaldað yfir þær eða reft yfir með torfþaki, og hvort – og þá hvaða – breytingum búðagerðin tók í tímans rás.
- að varpa ljósi á eðli þeirrar starfsemi sem fram fór á Gásum. Var það aðeins verslun, eða komu þangað iðnaðarmenn til að framleiða og selja vöru sína? Sjást merki um þinghald, dóma eða skemmtanir? Hve lengi var verslað eða haldið til á Gásum? Var þar föst búseta eða ekki?
- Hvert var viðurværi þeirra sem dvöldust á Gásum? Lifðu þeir við skrínukost sem þeir fluttu með sér eða treystu þeir á veiðar og vöruskipti við nágrennabæi?
- Hverskonar varning var verslað með? Hvaða vörur voru fluttar inn og hvaðan komu þær? Hvaða vörur voru til útflutnings? Urðu breytingar á þessu í gegnum tíðina? Ljóst er að svör við þessum spurningum verða grundvallarheimildir í hagsögu Íslands á miðöldum.
- Hvenær var kirkjan byggð og hvernig var hún gerð? Var hún endurbyggð og þá hvernig? Eru grafir í kirkjugarðinum eða kuml í nágrenni búðanna? Geta mögulegar grafir sagt eitthvað um þjóðfélagsstöðu og uppruna þess fólks sem kom til Gása?
- Hvaða áhrif hafði verslunarstaðurinn á næstu bæi, þ.e. Gása og Skipalón? Voru það bústaðir

höfðingja vegna rágreinnis við verslunarstaðinn eða liðu jarðimar fyrir átroðning hesta og manna sem komu til Gása?

- Hvaða áhrif hafði verslunarstaðurinn á nærsveitir, þ.e. Hörgárdal og Kræklingahlíð? Jókst pólitískt mikilvægi þeirra vegna nálægðar við verslunina eða skipti hún engu máli? Er t.a.m. sambandi milli Gása og klausturstofnunar á Möðruvöllum í Hörgárdal á 13. öld?

- Hve langan veg fóru menn til að versla á Gásum? Voru Gásir fyrst og fremst miðstöð verslunar í Eyjafirði eða komu menn þangað af öllu Norðurlandi til að versla, eða jafnvel lengra að?

Þjálfun íslenskra fornleifafræðinga.

Eitt af markmiðum rannsóknarinnar ætti að vera að stuðla að bættri þjálfun íslenskra fornleifafræðinga og fornleifafræðinema. Stór uppgröftur eins og sá sem ráðgerður er á Gásum, þar sem áætlað er að grafa lengi hvert sumar og til margra ára með þátttöku inn- og útlendra sérfræðinga, gefur svigrúm til að þjálfa unga fornleifafræðinga og fornleifafræðinema á skipulegri og árangursríkari hátt en allajafna er mögulegt.

Aðferðafræði

Lagt er til að sú meginforsenda verði lögð til grundvallar rannsóknum á Gásum að fara hægt í sakirnar, grafa lítið í einu og beita bestu aðferðum sem völ er á til að fá upplýsingar út úr því sem grafið er fram.

Grafið verði í langan tíma á hverju sumri (2-3 mánuði) en áhöfn að sama skapi lítil (um 5 manns).

Með því að grafa með fámennri áhöfn en lengi í einu vinnst margt:

- upplýsingar sem safnað er á hverju sumri verða ekki meiri en svo að hægt verður að vinna úr þeim á komandi vetri og þannig tryggt að ekki safnist upp frumgögn sem erfitt eða ógerlegt verður að vinna úr síðar.

- hægt verður að breyta stefnu milli ára í ljósi nýrra uppgötvanna.

- raunhæft verður að vænta megi niðurstaðna sérfræðigreininga áður en uppgrefti lýkur og þannig hægt að taka tillit til þeirra við uppgröftinn.

- nægt svigrúm verður til að taka á móti gestum og sinna almannatengslum.

Innan við þriðjungur aðalrústasvæðisins verði grafinn en hinn geymdur ósnertur fyrir komandi kynslóðir.

Kirkjan verði öll grafin fram og stærsti hluti búða á jaðri svæðisins.

Grafið verður í plani en það felst í því að stór svæði verða opnuð í einu, t.d. 20x20 m skikar eða stærri og þeir grafnir lag fyrir lag.

Ekki er reiknað með að öll uppgraftarsvæðin verði endilega grafin til botns heldur verði á sumum stöðum skildar eftir búðaleifar sem hentað gætu til kynningar.

Lögð er áhersla á að koma á alþjóðlegri og fjölfaglegri samvinnu í rannsókninni og að henni komi stór hópur sérfræðinga sem ekki vinni endilega við uppgröftinn nema lítinn tíma á hverju ári.

Úrvinnsla fari fram jafnóðum og haldnir reglulegir fundir/ráðstefnur þar sem sérfræðingar og aðrir sem vinna að rannsókninni hittast og fara yfir stöðu mála. Uppgraftarskýrsla verði gefin út á hverju hausti og sérfræðigreinar samhliða uppgreftinum en lokaútgáfa verður bók eða ritröð sem út mun koma að uppgrefti loknum.

Rannsóknaráætlan

Við mótun tillögu að rannsóknaráætlun hafa ofangreindar niðurstöður og athuganir verið hafðar til hliðsjónar. Einnig er byggt á þeirri meginforsendu að Gásir er einstakur minjastaður sem á sér enga hliðstæðu á Íslandi. Af því leiðir að fara verður með meiri gát en annarstaðar við uppgröft og gæta þess að gildi staðarins rými ekki við rannsóknirnar.

Meginforsendur eru því þessar :

- aðeins hluti verslunarstaðarins verður grafin upp
- beitt verður bestu aðferðum sem völ er á við uppgröftinn og hvergi slakað á kröfum um skráningu upplýsinga og greiningu sýna
- rannsóknin verður sett í samhengi við uppbyggingu Gása sem ferðamannastaðar, bæði á meðan á uppgrefti stendur og þannig að rannsóknarniðurstöður nýtist jafnharðan við þá uppbyggingu
- rannsóknarsvæði verður skilið eftir þannig að hægt verði að varðveita mannvirkjaleifar á staðnum til sýningar fyrir gesti
- Áhersla er lögð á alþjóðlegt samstarf og þjálfun ungra vísindamanna í sambandi við rannsóknina.

Tíllaga að rannsóknaráætlun 2002-2006

Lagt er til að opnað verði stórt rannsóknarsvæði (um 1900 m² = A) í kringum og vestur af uppgraftarsvæði Daniels Bruun og Finns Jónssonar frá 1907. Svæðið nær einnig yfir eina af

könnunarholunum frá 1986. Þetta rannsóknarsvæði (sjá meðfylgjandi uppdrátt) nær frá fjöruborði og upp fyrir rústasvæðið og er líklegt til að geyma mannvistarleifar frá öllu því tímasteiði sem verslað var á Gásam – aðrir hlutar rústasvæðisins gætu spannað styttri tímabil. Innan þess eru einnig allar helstu tegundir búða sem greina má á yfirborði.

Ekki er reiknað með að allt svæðið verði grafið í botn, heldur verði vel varðveittar mannvirkjaleifar frá mismunandi tímum skildar eftir til varðveislu og sýningar. Engu að síður er um stórt rannsóknarsvæði að ræða sem ólíklegt er að grafið verði til fulls á fimm árum.

Lagt er til að grafið verði ofan af kirkju og kirkjugarði (B). Uppgröftur á kirkju miðast við að gera undirstöður hennar sýnilegar og komast nær um aldur hennar og gerð, sem og hvort eldri kirkjugrunnar leynast undir. Uppgröftur í kirkjugarði miðast við að ganga úr skugga um hvort greftrað hafi verið í garðinum, en hafi svo verið er um mjög spennandi rannsóknarefni að ræða því líkur eru á að í garðinum hafi fyrst og fremst verið grafnir útlendingar og aðrir aðkomumenn.

Lagt er til að grafnir verði könnunarskurðir í þær tóftir sem eru utan við aðal rústasvæðið, bæði norðan og sunnan við það til að ganga úr skugga um hvort þær tengjast verslunarstaðnum eða ekki (C).

Lagt er til að búðir þær sem brotið hefur af syðst á svæðinu verði grafnar upp og gengið þannig frá að þeim stafi ekki frekari hætta af landbroti (D).

Lagt er til að kannað verði hvort fornleifar (bátsflök, bryggjur eða annað) leynist neðansjávar í lóninu suðvestan við Gáseyri (E). Þegar hafa verið lögð drög að samstarfi við Víkingaskipasafnið í Hróarskeldu um þetta verkefni.


Lagt er til að fengnir verði til liðs við verkefnið náttúruvísindamenn til að kanna breytingar á míkro-landslagi á verslunarstaðnum sjálfum, einkum m.t.t. sjávarstöðu.

Verkþáttum má skipta svo milli ára:

2002	* Uppgröftur í kirkju og kirkjugarði (B)
* Uppgröftur á búðasvæði (A)	
* Könnun í lóni (E)	2005
	* Uppgröftur á búðasvæði (A)
2003	* Uppgröftur í kirkju og kirkjugarði (B)
* Uppgröftur á búðasvæði (A)	
* Könnunarskurðir í búðir á jaðri (C)	2006
	* Uppgröftur á búðasvæði (A)
2004	* Uppgröftur á búðum sem brotið hefur af (D)
* Uppgröftur á búðasvæði (A)	

Ljóst er að sérhver nýr verkþáttur getur leitt af sér margra ára framhaldsverk og er hér því eingöngu um að ræða tillögu um í hvaða röð verði byrjað á mismunandi verkþáttum. Hún byggir á mati á hversu umfangsmikið framhald hvers verkþáttar er líklegt til að verða og hversu líklegt er að niðurstöður eins verkþáttar hafi áhrif á framvindu verksins í heild.

Jafnframt er sýnt að komi í ljós fornleifar í lóninu sem talið verður vert að rannsaka þá er þar um að ræða verkefni sem krefðist annarskonar fjáröflunar en hin hefðbundni uppgröftur sem hér er gerð tillaga um.



Tillaga um uppgriftarsvæði